



Framvirkur samningur um kaup á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu

Þann 10. september 2018 undirritaði sóttvarnalæknir f.h. íslenska ríkisins samning við GlaxoSmithKline (GSK) um kauptryggingu á 300.000 skömmtum af bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu. Samningur þessi byggir á sambærilegum samningi sem Danir hafa gert við GSK og gildir hann í fjögur ár með möguleika á framlengingu, mest 10 ár. Samningurinn er hluti af vinnu íslenskra stjórnvalda við gerð viðbragðsáætlana vegna heimsfaraldurs inflúensu og er framkvæmd hans á höndum sóttvarnalæknis.

Með samningnum er tryggt að Íslendingar fái bóluefni eins fljótt og auðið er eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri. Þar sem ekki verður hægt að hefja framleiðslu á bóluefninu fyrr en heimsfaraldri hefur verið lýst yfir, munu líða um fjórir til sex mánuðir frá upphafi faraldurs þar til bóluefnið fæst afhent. Reynslan sýnir að gera megi ráð fyrir að bólusetningarátak í heimsfaraldri geti náð til u.þ.b. helmings þjóðarinnar og er þá borð fyrir báru ef nauðsynlegt reynist að bólusetja tvisvar til að fá fullnægjandi svörun.



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir undirritar framvirknan kaupsamning á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu.

Nýjar leiðbeiningar um viðbrögð við örverumengun í neysluvatni og leiðbeiningar til almennings um suðu neysluvatns

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matvælastofnun, sóttvarnalæknir og Umhverfisstofnun hafa gefið út [leiðbeiningar um viðbrögð við örverumengun í neysluvatni](#). Markmiðið með þeim er

að tryggja góða samvinnu hlutaðeigandi stjórnvalda og að samræma viðbrögð og vandaða upplýsingagjöf til almennings. Ef örverur greinast í sýnum yfir hámarks-gildum þarf að grípa til nauðsynlegra

aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin og eru úrbæturnar á ábyrgð vatnsveitna ef örverumengunin greinist í dreifikerfi eða vatnsbóli en húseigenda ef orsökina er í lögnum húss.

framh. bls. 2

Efni: bls.

Framvirkur samningur um kaup á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu.....	1
Nýjar leiðbeiningar um viðbrögð við örverumengun í neysluvatni og leiðbeiningar til almennings um suðu neysluvatns.....	1
Listeríufaraldur í grænmeti í Evrópu.....	2
Mislingar um borð í flugvélum.....	2
Fyrirbyggjandi meðferð við HIV-sýkingum vegna kynmaka.....	3
Karlmenn sem stunda kynlíf með karlmonnum (MSM) og blóðgjafir.....	3
Notkun sýklalyfja árið 2017.....	4

Ritstjórn

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri

Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



Þegar ákveðnir flokkar örvera greinast í neysluvatni gefur heilbrigðiseftirlitið, í samráði við heilbrigðisyfirvöld á svæðinu, út ábendingu til neytenda um að sjóða þurfi allt vatn sem drukkíð er eða notað til matargerðar. Þessar [leiðbeiningar](#) verða aðgengilegar á vefsíðum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, Matvælastofnunar og sóttvarnalæknis til upplýsingar fyrir almenning.

Listeríufaraldur í grænmeti í Evrópu

Nýlega voru innkallaðar hér á landi frosnar maísbaukir frá COOP og maís og blandað grænmeti frá Greenyard eftir að viðvörðun barst frá viðvörðunarkerfi Evrópusambandsins (RASFF). Grænmetið var unnið og fryst í verksmiðju í Ungverjalandi en pakkað annars staðar. Hefur verið hægt að rekja að minnsta kosti 47 tilfelli sýkinga af völdum listeríu í nokkrum aðildarríkjum ESB til maísbauka og frosins grænmetis sem framleitt var í

umræddri verksmiðju í Ungverjalandi. Líta þurfi á frosið, létteldað grænmeti, sem fullunna vöru þar sem töluvert er um að þess sé neytt án hitunar, svo sem í salati.



Matvælastofnun og sóttvarnalæknir brýna fyrir neytendum, í [frétt](#) sem birtist á vefsíðum þeirra í júlí síðastliðnum, að fylgja eldunarfyrirmælum sem koma fram á umbúðum frosins grænmetis og maísbauka og gæta þess að krossmengun eigi sér ekki stað. Á þessu ári hafa tveir einstaklingar greinst með *Listeria monocytogenes* (Listeríu) hér á landi. Ekki hefur verið hægt að tengja tilfellið héraðs við neyslu á frosnu grænmeti. Það eru einkum ung börn, aldraðir, þungaðar konur og fólk með skert ónæmiskerfi sem veikjast.

Mislingar um borð í flugvélum

Frá árinu 2016 hafa mislingatilvik komið ítrekað fyrir um borð í flugvélum sem haft hafa viðkomu hér á landi. Fyrst greindust mislingar um borð í flugvél Icelandair í ágúst 2016 hjá barni sem millilenti hér á landi á

leið frá Kanada til Englands. Einn óbólusettur Íslendingur veiktist sem var í sömu vél. Vorið 2017 veiktist níu mánaða gamalt barn við heimkomu eftir dvöl í Tælandi. Tvíburabróðir barnsins veiktist svo hálfum mánuði síðar hér á landi. Bræðurnir voru óbólusettir vegna ungs aldurs. Í lok október 2017 veiktist Íslendingur sem dvaldist í Bangladesh eftir heimkomu til landsins með væg einkenni. Hann hafði sögu um fullnægjandi bólusetningu gegn mislingum og var mótefnasvarið kröftugt sem leiddi til vægrar sjúkdómsmyndar sem ekki var einkennandi fyrir mislinga. Í maí á þessu ári var staðfest mislingasmit um borð í vélum Icelandair sem var að fara frá Þýskalandi til Kanada með millilendingu hér á landi og aftur í júlí sl. hjá einstaklingi á leið frá Englandi til Bandaríkjanna með WOWair. Engir Íslendingar smituðust í þessum vélum.

Viðvörðunarkerfi sóttvarna á vegum Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru mjög öflug tæki til að fylgjast með atburðum sem tengjast smiti á ferðalögum. Auðveldar það sóttvarnalækni að gefa upplýsingar til farþega og fylgjast með afleiðingum hugsanlegrar smitunar. Í engu af þeim tilvikum náði smit að breiðast út hér á landi sem ugglaut má

framh. bls. 3



Mynd: Af vef Icelandair

Þakka góðu hjarðónæmi vegna góðrar þátttöku í bólusetningum. Búast má við svipuðum atvikum og hér er lýst svo lengi sem mislingar ganga austan hafs og vestan.

Fyrirbyggjandi meðferð við HIV-sýkingum vegna kynmaka

Á fundi sínum þann 25. júní 2018, samþykkti lyfjagreiðslunefnd greiðsluþátttöku fyrir samheitalyfinu Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til nota í

fyrirbyggjandi meðferð gegn HIV (PrEP meðferð). Skilyrði fyrir leyfisveitingunni voru að einungis læknar Landspítala með sérfræðiviðurkenningu í smitsjúkdómum myndu ávísa lyfinu og að meðferðin yrði veitt samkvæmt [klínískum leiðbeiningum smitsjúkdómadeildar Landspítala](#). Í þessum leiðbeiningum er kveðið á um rannsóknir gegn HIV og öðrum kynsjúkdómum hjá þeim sem fá ávísað lyfinu auk fræðslu um varnir gegn kynsjúkdómum almennt. Einnig þurfa þeir einstaklingar sem fá lyfið að undirgangast ákveðið eftirlit í nokkra mánuði. Leyfisskylda lyfjagreiðslunefndar er til eins árs og verður endurmetin m.t.t. kostnaðar og fjölda einstaklinga sem fá meðferð með lyfinu. Sóttvarnalæknir telur að þessi ákvörðun lyfjagreiðslunefndar sé áfangasigur í

baráttunni við HIV og aðra kynsjúkdóma en sóttvarnalæknir og [starfs- hópur heilbrigðisráðherra um aðgerðir gegn kynsjúkdómum](#) hafa áður bent á mikilvægi þessa fyrirkomulags.



Mynd: European Medicines Agency

Karlmenn sem stunda kynlíf með karlmönnum (MSM) og blóðgjafir

Í sumar kom aftur til umræðu hvort leyfa skyldi samkynhneigðum karlmönnum (MSM) að gefa blóð. Sóttvarnalæknir hefur metið stöðuna að beiðni velferðarráðuneytisins og lýst þeirri skoðun sinni, að teknu tilliti til reynslu og áhættumats annarra þjóða, þá komi vel til álita að heimila MSM að gefa blóð að undangengnu 6 mánaða kynlífsbindindi. Með vandaðri skimun blóðs á að vera lítil eða nánast engin hættu á blóðbornu smiti með slíku fyrirkomulagi. Hafa þarf í huga að engin blóðgjöf er fullkomlega örugg og allar aðgerðir þurfa að taka mið af því að draga úr áhættu eins og kostur er. Því

þarf skimun fyrir blóðbornum sjúkdómsvöldum að ná til allra blóðgjafa. Samkvæmt reglugerð um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs nr. 441/2006 á Blóðbankinn að hafa forgöngu í þessari ákvarðanatöku í samvinnu við sína lögbundnu ráðgjafanefnd. Eðlilegt er að sóttvarnaráð, sóttvarnalæknir og velferðarráðuneytið fái einnig tækifæri til að koma með álit á þessu málefni.

Forsendur þess að MSM verði leyft að gefa blóð að undangengnu 6 mánaða kynlífsbindindi eru að mati sóttvarnalæknis eftirfarandi:

- Spurningar til blóðgjafa verður að vanda og gæta fyllsta trúnaðar um svör.
- Rannsóknaraðferðir við skimun á öllu blóði fyrir HIV, lifrabólgu B og C og sárásótt verða að vera áreiðanlegar og kostnaðarhagkvæmar. Einungis Blóðbankinn í samvinnu rannsóknarstofu í sýklafræði á LSH og erlenda blóðbanka getur svarað því hvaða rannsóknaraðferðir eru hagkvæmastar og hver kostnaður við skimunina yrði.

Notkun sýklalyfja árið 2017

Út er komin árleg [skýrsla um sýklalyfjanotkun og algengi sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi hjá mönnum og dýrum á árinu 2017](#). Skýrslan er samstarfsverkefni sóttvarnalæknis, sýklafræðideildar Landspítala, Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar.

Í skýrslunni kemur fram að sýklalyfjanotkun hjá mönnum jókst um rúmlega 3% á árinu 2017 miðað við 2016 en sýklalyfjanotkun hjá dýrum var áfram ein sú minnsta hér á landi miðað við önnur Evrópulönd. Þetta veldur ákveðnum vonbrigðum því á sama tíma minnkaði sýklalyfjanotkun hjá mönnum á hinum Norðurlöndunum. Athygli vekur minnkandi notkun sýklalyfja hjá börnum yngri en 5 ára en hins vegar jókst notkunin hjá einstaklingum 65 ára og eldri.

Sýklalyfjaónæmi er áfram fremur lágt á Íslandi miðað við nágrannaþjóðirnar og

var það að mestu óbreytt miðað við árið 2016.

Í apríl 2017 skilað starfshópur heilbrigðisráðherra [greinargerð um aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis](#). Starfshópurinn lagði til 10 tillögur sem nauðsynlegar væru í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Þar á meðal voru tillögur um hvernig hægt væri að draga úr sýklalyfjanotkun hjá mönnum og mælt með eftirliti á sýklalyfjaónæmum bakteríum í erlendum og innlendum matvælum.

Á árinu 2018 hófst vinna með læknum sem miðar að því að efla vitund lækna um bætтар ávísanavenjur sýklalyfja sem vonandi mun leiða til minnkandi notkunar. Einnig var aukið eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum og rannsóknir á eðli dreifingar sýkla-



Sýklalyfjanotkun
og
sýklalyfjanæmi
baktería
í mönnum og
dýrum á Íslandi
2017

September 2018

lyfjaónæmis eflar. Vonandi munu allir þessir þættir reynast gagnlegir í baráttunni við útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería sem álitin er vera ein helsta heilbrigðisögn samtíms.